

Sælar,

Til okkar hefur leitað Innanríkisráðuneytið, í gegnum Norræna samstarfsþrógrammið Nordic-Baltic Mobility Programme for Public Administration, með hóp frá Lettlandi, n.t.t. sveitarstjórnarráðuneytinu þeirra. Þau óska eftir að kynna sér verkefni á sviðum þátttökulýðræðis og gagnsæis, eða eins og þau nefna *Successful Dialogue with Inhabitants and Transparency in Decision Making*.

Okkur dettur í hug tvær kynningar – að kynna þeim *Hverfið mitt* sem og starfsemi og verkefni stjórnkerfis- og lýðræðisráðs og óska liðsinnis ykkar við það.

Í þessu samhengi vil ég einnig nefna að við höfum gengið til samstarfs við höfuðborgina Vilnius í Litháen (sem er einnig systraborg okkar skv. samningi þar um frá 2006) um svipað og gætum átt von á beiðni þaðan – ég vænti þess þó að það verði á sviðum alþjóðamála og umhverfis- og skipulags.

Til frekari fróðleiks vek ég athygli á að þetta þrógram virkar í báðar áttir – þ.e.a.s. við getum sótt í gegnum þetta um að fara til Eystrasaltsríkjanna í sama tilgangi. Þannig að það er um að gera að leggja höfuðið í bleyti og athuga hvort við viljum ekki kynnast einhverju hjá grönnum okkar í austri. Sjá hér: <http://www.norden.ee/en/about-us/funding/mobility-programme-for-public-administration>

Bestu kveðjur ☺  
Hilmar

**From:** Hilmar Hildarson Magnússon  
**Sent:** 28. mars 2017 17:26  
**To:** 'stefania.traustadottir@irr.is'  
**Afrit:** Helga Björk Laxdal  
**Subject:** Nordic-Baltic Mobility Programme: Sendinefnd frá Lettlandi

Heil og sæl Stefanía,

Við tókum að sjálfsögðu með gleði á móti þessum hópi. Ég sendi beiðni þess efnis til okkar fólks í lýðræðismálunum og hef svo samband við þig aftur. Við værum þá að tala um kynningu á lýðræðisþátttökuverkefninu *Hverfið mitt*, sem er í anda þátttökufjárhagsáætlunargerðar (e. participatory budgeting) og svo kynningu á stjórnkerfis- og lýðræðisráði.

Bestu,  
Hilmar

Hilmar Hildar Magnússon

---

Alþjóðafulltrúi / International Officer  
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara / Office of the Mayor and Chief Executive Officer  
Ráðhús Reykjavíkur / Reykjavik City Hall  
Símanúmer / Tel.: +354 411 4506  
Netfang / e-mail: [hilmar.magnusson@reykjavik.is](mailto:hilmar.magnusson@reykjavik.is)  
<http://www.reykjavik.is>



**From:** Helga Björk Laxdal  
**Sent:** 20. mars 2017 16:50  
**To:** Hilmar Hildarson Magnússon  
**Subject:** FS: sendinefnd frá Lettlandi

Heill og sæll.

Framsendi erindi sem mér barst frá ráðuneytinu og bið þig að taka við þessu.  
Mér dettur til hugar að þau gætu hitt stjórnkerfis- og lýðræðisráð og Betri hverfi – teymið.

Kv.  
HBL

---

Helga Björk Laxdal.  
Skrifstofustjóri borgarstjórnar  
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík  
sími: 411-4700  
tölvupóstfang: [helga.laxdal@reykjavik.is](mailto:helga.laxdal@reykjavik.is)

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

**From:** Stefanía Traustadóttir [<mailto:stefania.traustadottir@irr.is>]  
**Sent:** 20. mars 2017 15:23  
**To:** Helga Björk Laxdal  
**Subject:** sendinefnd frá Lettlandi

Sæl Helga

Ég treysti því að þú komir þessu erindi áfram fyrir mig og þegar ég verð komin í samband við þann sem mun halda utan um málið skal ég hafa þetta formlegra.

En

Við hér í ráðuneytinu höfum verið beðin um að aðstoða við undirbúning heimsóknar/ dagskrár sendinefndar frá Lettlandi (ráðuneyti Environmental Protection og Regional Development of Lattiva - sem er líka ráðuneyti sveitarstjórnar. Þetta er liður í Nordic-Baltic mobility programme for public administration.

Þau hafa lýst yfir áhuga á að fræðast um "Successful dialogue with inhabitants" and "Transparency in decision making" og fleira.  
Þau verða hér frá 20 - 23 september og ég tel æskilegast að þau hitti Reykjavík þann 22. september, helst fyrir hádegi en það er ekki fast í mínum huga.  
Þau hitta okkur, sambandið og ef tími vinnst til Borgarbyggð.

kveðja

Stefanía



**Stefanía Traustadóttir, félagsfræðingur / Social Scientist**

Sveitarstjórnarmál / Local Government

Skrifstofa sveitarfélaga og réttinda einstaklinga / Department of Local Government and Human Rights

Innanríkisráðuneyti / Ministry of the Interior

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími/Tel: +(354) 545 9000

[innanrikisraduneyti.is](http://innanrikisraduneyti.is) / [Fyrirvari/Disclaimer](#)